

Alþingi - velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 18. desember 2018

**Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðisbætur (réttur námsmanna og fatlaðs fólks), 140. mál.**

Neytendasamtökin vísa til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 27. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðisbætur (réttur námsmanna og fatlaðs fólks), 140. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að réttur fatlaðs fólks og námsmanna til húsnæðisbóta verði rýmkaður með því að fella á brott ákveðin skilyrði fyrir undanþágu á grundvelli 11. gr. laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.


Neytendasamtökin fagna því að unnið sé að því að rýmka rétt umræddra hópa til húsnæðisbóta. Eins og kemur fram í greinargerð frumvarpsins virðist hvorki vera nægilegt framboð af rýmum í heimavist eða námsgörðum tengdum viðurkenndum menntastofnunum fyrir námsmenn né húsnæðisúræðum í samræmi við 10. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992. Ákveðið hlutfall umræddra hópa þarf því eflaust að leita annarra leiða til að finna sér húsnæði og virðist nokkuð íþyngjandi að það sé gert að skilyrði til að öðlast rétt til húsnæðisbóta að í leiguhúsnæði sé fyrir að fara séreldhúsi eða aðstöðu sem og sérsnyrtingu. Þær breytingar sem unnið er að myndu þá rýmka rétt ákveðins hóps til að finna sér leiguhúsnæði við hæfi t.a.m. með öðrum aðilum án þess að réttur þeirra til húsnæðisbóta kynni að skerðast eða falla brott.

Neytendasamtökin lýsa yfir ánægju með að breytingartillagan stuðli að jafnari rétti til náms óháð búsetu.

Neytendasamtökin gera ekki frekari athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu og leggja til að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f.h. Neytendasamtakanna



Breki Karlsson, formaður